

Samherji fiskeldi ehf – Silfurstjarnan

Áætlun um meðhöndlun úrgangs

Á árinu 2020 var urðað frá Silfurstjörnunni í Öxarfirði sbr hér að neðan. Um er að ræða blandað gróft sorp.

	kg
janúar	1.200
febrúar	4.200
mars	4.500
apríl	6.300
maí	3.150
júní	1.500
júlí	4.650
ágúst	1.650
september	3.750
október	4.350
nóvember	4.050
desember	5.850
	<u>45.150</u>

Fóðursekkir úr plasti var safnað í endurvinnslu en magnið óskráð. Áætluð þyngd fóðursekkja til endurvinnslu er um 6 tonn.

Staðan í dag:

Flokkun og söfnun á endurvinnanlegu plasti hófst í byrjun árs 2021 og síðar á árinu hefst flokkun og söfnun á endurvinnanlegum pappa. Fyrirtækið Sel ehf. sér um sorpbjónustu á svæðinu og skráir magn. Blandað óflokkað sorp fer í urðun á urðunarsvæðum sveitarfélagsins Norðurþings. Áætlað er að 5-10 tonn verði flokkað sorp (plast og pappi) á árinu og magn blandaðs sorps minnkar samsvarandi.

Í mars á þessu ári var safnað saman rúnum 12 tonnum af brotajárni til endurvinnslu. Það skiptist þannig að um 5,7 tonn var ryðfrít stál, 0,8 tonn var ál og blandað stál var um 5,8 tonn. Þetta er brotajárn sem hefur safnast upp á mörgum árum og áætlað er að innan við 500 kg af brotajárni falli til á ári á næstu árum.

Síðastliðið haust var aðferðum breytt við afhendingu fóðurs. Áður var komið með fóðrið í plastsekkjum en nú er fóðrinu blásið beint af fóðurbíl í fóðursíló. Þetta kemur til með að minnka magn fóðursekkja sem safnað er í endurvinnslu verulega eða úr um 6 tonnum í 1 tonn.

Heildar sorplosun er áætluð 35-45 tonn á ári og þar af 5-10 tonn flokkað endurvinnanlegt sorp.

Einnig fellur árlega til við framleiðslu rekstraraðila lífrænn úrgangur:

Á árinu 2020 féll til um 140 tonn af dauðum fiski og um 150 tonn af slógi. Þessi lífræni úrgangur er fluttur til fyrirtækisins Skinnfisks ehf. í Sandgerðis skv. samningi og er nýttur í gæludýrafóður og loðdýrafóður.

Lífrænn úrgangur - áætlun til ársins 2023 :

Unnið er að áætlunum sem miða að því að draga úr dauða af völdum sjúkdóma í eldinu. Vonir standa til að hægt sé að minnka magn dauðfisks um 20-30%.

Þessi áætlun verður endurskoðuð fyrir lok desember 2023.

Dags: 21.04. 2021

Undirskrift stjórnanda


Arnar Freyr Jónsson
Rekstrarsjóri